



Málstefna Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Leiðarljós og gildissvið

Vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar. Þar er íslenska í öndvegi og skal hún vera til fyrirmyndar í samræmi við þingsályktun um íslenska málstefnu frá 2009 og lög um stöðu íslenskrar tungu.

Í sömu lögum er kveðið á um að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og sjá til þess að hún sé notuð.

Allar almennar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu, auk íslensku, einnig vera til á ensku og öðrum tungumálum eftir því sem kostur er. Tryggja skal réttindi fólks af erlendum uppruna í þjónustu og samskiptum við yfirvöld sveitarfélagsins, með því að bjóða þeim sem ekki geta skilið eða tjáð sig á íslensku, endurgjaldslausu túlkajónustu, í samræmi við verkferla um túlkajónustu.

Í rafrænni þjónustu Ísafjarðarbæjar skal allt mál vera skýrt og auðskiljanlegt þannig að íbúar geti hæglega nýtt sér hana og lokið erindum sínum. Viðmót og aðgengi skal vera í samræmi við alþjóðlega staðla um upplýsingamiðlun til fólks með sérþarfir og fötlun.

Málstefnan tekur mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingum af hálfu Ísafjarðarbæjar og byggir á grundvallaratriðum stefnumörkunar um jafnræði, virðingu, traust, gagnsæi, gott aðgengi að upplýsingum og virkum samskiptum.

Málstefna þessi gildir á öllum starfsstöðum Ísafjarðarbæjar og skal starfsfólk taka mið af henni í störfum sínum og samskiptum og vanda allt mál í þjónustu og upplýsingamiðlun.

2. gr.

Íslenska og önnur tungumál

Starfsfólk Ísafjarðarbæjar skal leitast við að nota íslensku í störfum sínum og stjórnsýslu nema í sérstökum aðstæðum sem krefjast þess að starfsfólk noti önnur tungumál t.d. í upplýsingamiðlun til erlendra ferðamanna, í boðuðum viðtölum í skólum og félagsþjónustu við fólk með annað móðurmál en íslensku. Auk þess skal starfsfólk kalla eftir aðkomu túlka þegar nauðsynlega er talin þörf á í samráði við næsta yfirmann.

Allar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins, útgefið efni, fundargerðir og önnur gögn skulu vera á vandaðri, skýrri og auðskiljanlegri íslensku, auk erlendra tungumála ef þess er talin þörf.

Allt efni sem skylt er að upplýsa íbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri og auðskiljanlegri íslensku. Þetta á meðal annars við um skipulagsákvæðanir, grenndarkynningar, auglýsingar, tilkynningar, reglugerðir og aðrar samþykktir.

Íslenska skal vera meginsamskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi starfsstaða Ísafjarðarbæjar. Þetta gildir líka um viðmót í rafrænni þjónustu þar sem því er við komið. Vélþýðing á önnur tungumál er aðgengileg á öllum vefsíðum Ísafjarðarbæjar.

Allt efni á vegum sveitarfélagsins, sem gefið er út á erlendum tungumálum, skal jafnframt vera til á íslensku. Þetta á meðal annars við um bæklinga um þjónustu fyrir innflytjendur og upplýsingaskilti fyrir ferðamenn. Íslenska skal þó vera megin tungumálið á umræddu efni.

Æskilegt er að birta erlendan texta samhliða íslenskum texta til að auðvelda gagnkvæman skilning í þjónustu og tilgreina með þjóðfána eða í texta á hvaða tungumáli efnið er.

Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoð til að nýta hana samhliða því að ná góðum tókum á íslensku máli. Hvetja skal starfsfólk af erlendum uppruna til að efla færni sína í íslenskri tungu til notkunar í starfi, ef þörf er á.

3. gr.

Aðgengi

Allar upplýsingar um þjónustu Ísafjarðarbæjar skulu vera aðgengilegar og auðskiljanlegar. Íbúar skulu hafa greiðan aðgang að upplýsingum um þjónustu óháð tungumálum, eins og kostur er hverju sinni, og geta tekið virkan þátt í íbúalýðræði og samfélagsumræðu.

Allt vefefni sveitarfélagsins skal vera aðgengilegt og auðlæsilegt í samræmi við [WCAG 2.0 staðla](#), þannig að blindir, lesamlaðir og fólk með aðrar skerðingar geti lesið það. Markmiðið er að gera allt efni á vefsíðum sveitarfélagsins aðgengilegt með helstu hjálpartækjum, svo sem skjálesurum og talgervlum.

4. gr.

Málfar og málnotkun

Þau sem koma fram fyrir hönd Ísafjarðarbæjar skulu tala og rita vandað mál og sýna vinsemi og virðingu í öllum samskiptum og þjónustu. Á það við um öll tungumál, íslensku sem önnur. Vandað mál er markvisst og í samræmi við málvenjur, í viðeigandi málsniði og ritað í samræmi við gildandi reglur og réttitun.

Starfsfólk skal nota vandaða íslensku í samskiptum og þjónustu, eftir bestu getu, og þýða eins og kostur er íslensk fagheiti og hugtök í störfum sínum.

Þau sem skrifa og svara erindum fyrir hönd Ísafjarðarbæjar skrifa einfaldan, skýran og hlutlægan texta, forðast gildishlaðin orð, sterk lýsingarorð, flókin fagheiti og skammstafanir.

Starfsfólki er boðið upp á málfarsráðgjöf og yfirlestur hjá upplýsingafulltrúa. Einnig aðgang að nauðsynlegum orðabókum, uppsláttarritum og vefsíðum um íslenskt mál og málnotkun. Starfsfólk skal jafnframt geta nýtt sér tiltækan máltækniúnað fyrir íslensku og önnur tungumál, svo sem leiðréttingaforrit, talgervla, talgreina og þýðingarforrit.

Ísafjarðarbær skapar starfsfólki sínu skilyrði til að bæta íslenskukunnáttu sína með símenntun til að málfar og málnotkun í skriflegum sem munnlegum samskiptum geti verið til fyrirmyndar.

4. gr.

Ábyrgð

Bæjarstjóri ber ábyrgð á málstefnu Ísafjarðarbæjar en fagsvið og stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á því að framfylgja henni.

Allar stofnanir sveitarfélagsins skulu tileinka sér þessa málstefnu og fylgja henni eftir.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og taka gildi frá og með 21. mars 2024.